

Starfsáætlun leikskólans Stekkjaráss

2017 – 2018



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um fjölda barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlunin eru lögð fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	5
2.2 Húsnæði og lóð	5
2.3 Ytra mat	6
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats.....	6
Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2017-2018	6
2.4 Matsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017	8
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	9
4. Starfsmannamál.....	9
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2017.....	9
4.2 Starfspróunarsamtöl.....	9
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	9
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	10
5. Aðrar upplýsingar.....	12
5.1 Barnahópurinn 1. maí 2017	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	12
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla.....	13
5.4 Almennar upplýsingar	13
5.5 Áætlanir	13
Fylgirit - yfirlit	14

1. Inngangur

Árgangurinn sem fór í grunnskóla þetta haustið var óvenju stór þ.e. 51 barn og voru því mjög mörg laus pláss að þessu sinni í byrjun skólaársins 2016-2017. Ekki voru til börn á biðlistanum í öll lausu plássin, sem kom sér vel því þegar leið á haustið gekk erfiðlega að manna í stöður sem við fengum úthlutaðar vegna stuðningskennslu. Stuðningskennslan hikstaði af stað og við reyndum að sinna þeim tímum sem stóðu út af með fólkinu á deildum. Óvengju mörg ung börn hófu nám í leikskólanum og var mesta ásóknin í pláss fyrir börn fædd 2015. Því var brugðið á það ráð að setja öll börn fædd 2014 inn á aldursblandaðar deildar og hafa eingöngu börn fædd 2015 og síðar á ungbarnadeildunum og gátum með því móti boðið 32 slík pláss. Sú tilhögun reyndist nokkuð strembin því fjöldi svona mikið ungra barna á aldursblönduðum deildunum breytti vinnulagi heldur mikið frá því sem við höfðum vanist ekki síst með tilliti til eldri barnanna. Einnig var að þessu sinni engin börn í elsta árgangi á tveimur deildum leikskólans en á móti voru hlutfallslega mörg ung börn, því voru börnin ekki höfð nema 20 á þessum tveimur deildum.

Fjármagn kom frá bænum sem dekkaði 2 klukkutíma á viku til að sinna verkefnisstjórstöðu í tengslum við verkefnið „Læsi er lífsins leikur“. Verkefnið þetta skólaárið var unnið á mjög svipuðum nótum og árið áður og nú þegar höfum við bætt inn fjölmörgum atriðum sem snúa að stærðfræðinni. Samt sem áður virðis sýnileiki verkefnisins hafa dalað og mun það vera verkefni næsta skólaárs að bæta í þar.

Nýtt tölvukerfi „Karellen“ var tekið í notkun sem tók við að Netstjórnandanum. Um er að ræða kerfi sem heldur utan um upplýsingar um nemendur, starfsmenn, leikskólagjöldin, heimasíðu og app fyrir snjalltæki. Nokkrir hnökrar eru á kerfinu m.a. innritunarhlutinn sem keyrður var í fyrsta skipti í apríl fyrir haustinnritunina stóru en þetta er í þróun og vonir standa til að næsta vor, þegar stóra innrituninn vegna hausts 2018 á sér stað, þá verði kerfið „nánast“ fullbúið.

Þátttaka okkar í viðburðum var með hefðbundnu sniði á sl. skólaári og var skóladagatalinu fylgt. Skóladagatal vegna skólaársins 2017-2018 kemur inn á heimasíðu leikskólans í ágúst 2017.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru yfir umbótaverkefnisslistann sem settur var fram í starfsáætlun fyrir skólaárið 2016 -2017.

Aðstoðarleikskólastjóri fór yfir framkvæmd símenntunar á skólaárinu.

Starfsmenn – umræðuhópar á fagfundi fjölluðu um: Grunnþætti menntunar og hvernig þeir tengjast skólanámskrá Stekkjaráss.

Starfsmenn – starfsmannasamtöl.

Starfsmenn – vinnustaðgreining á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Starfsmenn – viðhorfskönnun á meðal starfsmanna á vegum Skólapúlsins.

Á skipulagsdegi í maí var lögð fyrir starfsmenn könnun til að meta hvernig eftirtaldir þættir hefðu gengið á skólaárinu: Verkefnisstjórastaðan í skapandi starfi eins og hún var framkvæmd þetta skólaárið. Útnámið, framkvæmd og gangur þess á líðandi skólaári. Þátttöka og framkvæmd starfsmanna í læsisverkefninu eða eins og nú er rætt um verkefni sem stuðlar að bættri menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi og stærðfræði.

Starfið var auk þess metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum og á fundum samráðsteymis leikskólans.

Viðhorfskönnun meðal elstu barnanna var gerð í maí og viðhorf barnanna til ákveðinna þátta kannað.

Harpa Kolbeins deildarstjóri í Stekkjarási gerði starfendarannsókn á útiveru í tengslum við námið sitt þegar hún var í vettvangsnámi hér og fengum við leyfi til að nýta okkur niðurstöður rannsóknar hennar í endurmatið.

Ítarlega er gert grein fyrir öllu mati, bæði ytra og innra mati í sjálfsmatsskýrslu leikskólans. Þar er fjallað betur um hvern lið og gerð grein fyrir niðurstöðum matsins og umbótaáformum.

2.2 Húsnæði og lóð

Eftirlit með húsnæði og garði er í daglegu eftirliti starfsmanna leikskólans með ábyrgð leikskólastjóra. Starfsmenn deilda sjá um daglega skoðun garðsins og skiptast deildir á viku og viku. Allar athugasemdir eru skráðar í þar til gerðar bækur. Lögð er áhersla á að skráð sé í bækurnar allar athugasemdir sem þarfnast úrbóta og ef þær eru aðkallandi er brugðist stax við og ef þarf þá er óskað eftir aðstoð frá þjónustumiðstöð til þess. Þriggja mánaða skoðanir frá þjónustumiðstöð bæjarins eru ekki framkvæmdar samkvæmt skipulagi sem var gert fyrir nokkrum árum og ekki var búið að framkvæma árlega aðalskoðun garðs þegar þessi skýrsla er gerð en það er á áætlun að sú skoðun fari fram 2017. Nú er það orðið viðurkennt að það er framleiðslugalli í opnanlegu gluggunum hér í Stekkjarási og verið er að skoða hvað skal gera hjá framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. Neyðarljós eru skoðuð árlega af rafvirkjum og stendur til að sú skoðun fari fram nú í sumar 2017. Brunavarnarkerfið var yfirfarið í desember 2016 og slökkvitækin yfirfarin í maí 2017.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár og starfsmannakönnun hitt árið. Skólapúlsinn hefur séð um þessar kannanir á síðustu árum. 1. febrúar 2017 sendi Skólapúlsinn út viðhorfskönnun til starfsmanna og höfðu starfsmenn mánuð til að svara. Til að ná marktækri niðurstöðu var markmið að ná yfir 80% svörun en ekki náðist nema rétt tæp 70% svörun. Samt sem áður var ákveðið að nota niðurstöðurnar með fyrirvara. Hafnarfjarðarbær gerði vinnustaðagreiningu haust 2016 hjá öllum stofnunum bæjarins. Svarhlutfall okkar í Stekkjarási var 60% og því ekki marktæk en horft var til hennar ef atriði þar voru í takti við viðhorfskönnun Skólapúlsins.

Eins og fram kom í kaflanum um innra mat leikskólans þá er ýtarlegð gert grein fyrir öllu mati, bæði ytra og innra mati í sjálfsmatskýrslu leikskólans. Þar er fjallað betur um hvern lið og gerð grein fyrir niðurstöðum matsins og umbótaáformum.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Ytra matið fólst í viðhorfskönnun sem Skólapúlsinn gerði meðal starfsmanna og vinnustaðagreiningu á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Svarhlutfall í viðhorfskönnun skólapúlsins var 70% og 60% í vinnustaðagreiningunni. Hvort tveggja er ekki nægjanlegt hlutfall svo hægt sé að horfa til niðurstöðanna sem sterkar vísbendinar um eitthvað en við leyfðum okkur að horfa til þeirra þannig að þarna gætu verið ákveðnir þættir sem þyrfti að skoða. Innra matið var fjölbreyttara og matsáætlun leikskólans var fylgt eftir að öllu leiti, auk nokkurra annarra matstækifæra sem buðust.

Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2017-2018

- Gera skýran feril um hvernig starfsmenn geta unnið úr því þegar þeir upplifa einelti.
- Fara ýtarlega eftir þeim ferlum sem Hafnarfjarðarbær hefur sett varðandi veikindaforföll starfsmanna.
- Skoða leiðir sem stuðlað geta að heilsueflingu starfsmanna í þeim tilgagni að bæta heilsu starfsmanna og minnka fjarveru frá vinnu.
- Fara í ýtarlega kynningu með starfsfólki um þá reikniformúlu sem sveitarfélagið notar til að reikna út fjölda barna per starfsmann og einnig á þeim viðmiðum sem sveitarfélagið notar til að finna út hversu mörg börn eru á deildum.
- Kynna fyrir starfsfólki hvernig þörf fyrir stuðning fyrir börn er metin, hvenær börn eru metin í 1. og 2. flokk og hvað er í boði fyrir börn sem ekki eru metin í þessa tvo flokka. Fara yfir ferlana og þann stuðning sem er í boði frá sérfræðingum skólaskrifstofu.
- Gera viðhorfskönnun meðal starfsmanna sem skoðar hvað og hvernig samstarf milli starfsmanna er æskilegast að þeirra mati, hvað hindrar og hvað er hægt að gera í því sambandi.
- Skólastjórnendur kynna vel þau símenntunartilboð sem skólaskrifstofan býður uppá og aðrar leiðir fyrir starfsfólk til að finna símenntunarmöguleika.
- Leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri fara á námskeið og rifja upp hvernig gott atvinnuviðtal fer fram. Reynt að finna námskeið sem tekur mið af aðstæðum í leikskólum almennt þ.e. ekki sé verið að tala um að velja þann hæfasta út hópi mjög hæfra, heldur sigta út mögulega þá sem vilja
- Leikskólastjóri tekur viðtöl við alla deildastjórana og kannar hug þeirra til samvinnu út frá hindrunum og tækifærum.
- Starfsfólk með yfirburðabekkingu miðli þekkingu sinni, með markvissum hætti til þeirra sem minni þekkingu hafa. Markmiðið er að þekking dreifist sem víðast og tenging grunnþátta menntunar við daglegt starf verði sýnileg í daglegu starfi.
- Verkefnastjóri í skapandi starfi, heldur áfram að þróa og bæta það skipulag sem hann lagði upp með á síðasta skólaári.

- Haldið verður áfram að þróa útinámið og hugað að möguleikum útisvæðis við leikskólans í því samhengi.
- Gerð verður áætlun sem miðar að því að gera læsisverkefnið sýnilegra í daglegu starfi skólans.
- Umorða spurningar og breyta útliti viðhörfskönnunarinnar sem gerð er með elstu börnunum í maí, frá því sem hún er í dag, til að betur sé hægt að skilja ástæður fyrir svörum barnanna t.d. mér líður „svona“ í leikskólanum af því að...
- Skoða aðstæður í „gaman saman“ út frá öllum hliðum, og finna leiðir til að auka ánægju fleiri barna af samverunni.
- Endurskoða hvort hægt sé að breyta eitthvað í sambandi við skipulagið í samverustundum og skoða fjölbreytnina.
- Skoða hvað veldur því að 26% barnanna eru óánægð í hvíld og hvort hægt sé að breyta einhverju í sambandi við hvíldina t.d. lengd hennar, því sem verið er að hlusta á eða hvað er verið að lesa.
- Haustið 2017 mun Vináttuverkefnið vera kynnt upp á nýtt til leiks á deildunum og sett betur inn í starfið þar.
- Efnið sem er í Vináttuverkefninu kynnt aftur fyrir öllum starfsmönnum Fífu og Þúfu í þeim tilgangi að efnið verði nýtt af þeim öllum.
- Keypt verður ein Vináttutaska í viðbót sem byrjunarefni fyrir aðrar deildir.
- Endurmat á Vináttuverkefninu verður í maí 2018 og í framhaldi af því verður ákveðið hvort allar eldri deildirnar í Stekkjarási fara í verkefni frá og með hausti 2018.
- Allir stuðningsaðilar verða með vel skilgreind markmið og leiðir fyrir „sitt“ barn.
- Skoða nýjar leiðir við stuðning barna og deilda þegar um hegðunarvanda barna er að ræða.
- Halda áfram að þróa aðferðir við að taka á móti erlendum og tvítyngdum börnum.
- Skilgreina betur þriðja flokkinn og hvernig þeim tímum er úthlutað. Ef starfsfólk vill fá tíma fyrir einstakt barn eða börn skulu deildarstjórar sækja um það skriflega til samráðsteymis leikskólans.
- Útbúið verður eyðublað sem hægt er að sækja um í þriðja flokk.
- Verkefnisstjórinn í skapandi starfi heldur fund með deildarstjórum eftir að hafa verið eina viku á hverri deild til að kalla eftir endurgjöf og hugmyndum að næstu umferð með bæði tímum fyrir og eftir hádegi í huga.
- Verkefnisstjórinn í skapandi starfi kemur að því að leita leiða til að auka fjölbreytni og ánægju barnanna í samverustundum.
- Verkefnisstjórinn í skapandi starfi gerir sér tímaplan sem verður sýnilegt við 9-fundartöfluna. Tímaplanið verður til viðmiðunar en þar kemur fram hvenær hann er í undirbúningi, í hvaða vikum hann er á hvaða deild, á hvaða tímum og hvenær hann sinnir læsisverkefninu.
- Auka fjölbreytni í samverustundum.
- Á vorönninni verður kannað hvort aldurböndunin þetta skólaárið hafi verið heppileg.
- Gera örstutta könnun á meðal starfsmanna af hverju þeir vilja eða vilja ekki taka þátt í viðhörfskönnunum varðandi starfið.
- Harpa Kolbeins, Unnur og/eða aðrir áhugasamir starfsmenn leiði útistöðvadaða 2x í mánuði líkt og búið er að vera að gera í mars, apríl og maí 2017.
- Á starfmannafundi, fagfundi eða á skipulagsdegi taka umræðu um útisvæðið þar sem reynt verður að færa umræðuna um útisvæðið frá því að ræða endurtekið um skipulag og svæðaskiptingu yfir í að ræða námstækifæri og notkun á svæðinu.
- Á starfmannafundi, fagfundi eða á skipulagsdegi taka umræðu um útisvæðið út frá togstreitu milli áhættu og námstækifæra, hvernig klæðnaður og búnaður starfsmanna sé best til þess fallinn til að ýta undir virkni o.s.frv.

2.4 Matsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017

- Á skipulagsdegi í september verður gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna þar sem vilji til samvinnu starfsmanna og deilda verður kannaður.
- Á haustönn verður skólanámskrá Stekkjaráss endurskoðuð.
- Á skipulagsdegi í nóvember verða umræður um útisvæðið og framkvæmd og gangur á útistöðvadögum endurmetinn.
- Í desember gerir verkefnisstjóri í skapandi starfi endurmat á stöðunni eins og hún var skipulögð og framkvæmd á haustönn.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra verður á vorönn. Skólapúlsinn framkvæmir könnunina en skólaskrifstofa Hafnarfjarðar stendur fyrir henni.
- Á skipulagsdegi eða starfsmannafundi á vorönn verður umræðutími þar sem reynt verður að fá fram ástæður fyrir því að starfsfólk velur/velur ekki að taka þátt í viðhorfskönnunum.
- Starfsmannasamtöl á vorönn.
- Í maí verður endurmatsfundur með starfsfólki Fífu og Þúfu til að skoða hvernig „Vináttuverkefnið“ hefur gengið á skólaárinu með það fyrir augum að skoða hvort kaupa eigi fleiri töskur og innleiða verkefnið á hinar aldurblönduðu deildirnar.
- Á skipulagsdegi í maí verður gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna þar sem eftirtalir þættir verða kannaðir:
 1. Samvinnan í leikskólanum, er hún eins og starfsmaðurinn telur hana vera ákjósanlegasta? Hvað er gott? Hvað mætti bæta?
 2. Þátttöku og framkvæmd starfsmanna í verkefninu sem stuðlar að bættri menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi og stærðfræði.
 3. Hvernig útisvæðið og framkvæmd og gangur á útistöðvadögum tókst í vetur/vor.
 4. Hvernig hefur gengið að vinna með börn með erfiða hegðun í vetur? Hvað gekk vel og hvað illa?
- Viðhorfskönnun meðal barna í apríl/maí þar sem kannað er viðhorf þeirra til ýmissa þátta í starfinu (viðhorf barnanna til sömu þátta og vor 2016 en fyrirlögninni verður breytt).
- Foreldraviðtöl á vorönn (einnig á haustönn fyri þá sem vilja).
- Viðburðir og daglegar upptökur metið á starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum og hjá samráðsteymi leikskólans.
- Sérkennslustjóri endurmetur starfið sitt maí lok byrjun júní.
- Verkefnisstjóri í skapandi starfi endurmetur starf sitt í lok maí byrjun júní.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Á næsta skólaári verður lögð áhersla á að fylgja eftir þeirri umbótaáætlun sem sett var fram í kjölfar endumats síðasta skólaárs. Einnig verður áhersla lögð á að ná betri árangri í að vinna með börn sem sýna erfiða hegðun, skoða hvað við getum gert betur sjálf innan leikskólans meðan að við bíðum eftir frekari aðstoð og nýta okkur til gagns þær leiðir sem okkur hafa verið ráðlagðar í svipuðum tilfellum. Við viljum líka skoða samstarf í leikskólanum og reyna að skapa þann samstarfsgrundvöll innan leikskólans sem hentar því næst öllum starfsmönnum. Reyna að taka tillit til mismunandi þarfa og skoðanna starfsmanna þegar kemur að samstarfi.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2017

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	12	90 - 100%	Leikskólakennaramenntun.
Leikskólaleiðbeinandi A	3	100%	Önnur uppeldismenntun.
Leikskólaleiðbeinandi B	6	100	Háskólamenntun önnur en uppeldismenntun.
Leiðbeinandi Hlíf	28	80 – 100%	Grunnskóla, menntaskóla eða iðnmennt.

4.2 Starfspróunarsamtöl

Allir starfsmenn eru teknir í starfsmannasamtöl á vorönn ár hvert. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa skipt með sér samtölunum. Leikskólastjóri tekur samtöl við deildastjóra og aðra millistjórnendur auk nokkurra annarra starfsmanna og aðstoðarleikskólastjóri tekur svipaðan fjölda. Niðurstöður úr starfsmannasamtölunum eru nýtt í endurmat þegar það á við.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Nýliðanámskeið sem fyrirhugað var að halda á haustönn voru haldin í febrúar með hefðbundnu skipulagi. Ástæða þess að námskeiðin voru haldin svona seint á skólaárinu var sú að seint gekk að ráða inn nýtt stafsfolk í stað þeirra sem hættu á skólaárinu. Stjórnunarteymið hafði umsjón með námskeiðunum.

Skapandi starf í Stekkjarási – Verkefnisstjóri í skapandi starfi.

Stuðningskennsla – Sérkennslustjóri.

Starfsmannahandbókin–Aðstoðarleikskólastjóri.

Viðverustefnan, vinnustund og ýmislegt hagnýtt – Leikskólastjóri.

Skólanámskráin –Leikskólastjóri.

Á starfsmannafundi 6. sept. 2016 kynnti aðstoðarleikskólastjóri jafnréttisáætlun sem ekki þótti ástæða að breyta að þessu sinni.

Á skipulagsdegi 28. september 2016 var hópeflisnámskeið með námstengdu ívafi. Jóga, leiklist, útiöldun og sjónlist. Farið var að Hvaleyrarvatni þar sem starfsmannahópurinn dvaldi daglangt. Ábyrgð á skipulagi og framkvæmd dagsins hafði verkefnisstjóri í skapandi starfi.

Í október 2016 fóru tveir starfsmenn til Seattle á ráðstefnu um menntun ungra barna og til að skoða leikskóla.

Í lok október 2016 tók einn starfsmaður þátt í að halda alþjóðlega ráðstefnu um útinám hér á landi. Á lokadegi ráðstefnunnar tóku fjórir starfsmenn þátt í fyrirlestradeigi.

21. nóvember 2016. Fyrir hádegi var sameiginlegur skipulagsdagur í öllum leik og grunnskólum bæjarins sem stýrihópur um bættu menntun í Hafnarfirði stóð fyrir. Við mættum í Ásandsskóla ásamt kennurum úr Áslandsskóla og Tjarnarási. Þar fengum við fyrirlestur um lærdómssamfélagið í tengslum við verkefnið „Lestur er lífsins leikur“. Hver skóli var síðan með kynningu á því hvernig þeir vinna að bættum málþroska, auknum orðaforða, læsi og stærðfræði. Framlag Stekkjaráss var m.a. nokkra mínútna myndband sem var saman sett af skráningum frá öllum deildum leikskólans þar sem starfsaðferðir okkar í tenglum við verkefnið voru kynntar. Eftir hádegi vorum við með vinnu í sal þar sem starfsmenn reyndu að hjálpa hver öðrum með Karellen tölvukerfið, læra að setja inn fréttir, myndir o.s.frv.

4. janúar 2017. Vorum við með fræðslu í starfsaðferðum Reggio Emilia. Heimamenn sáu um fræðsluna og var starfsmannahópnum skipt upp í minni hópa til að reyna að koma sem flestum inn í umræður um starfsaðferðirnar.

23. janúar 2017. Vináttuverkefni Barnaheilla. Tveir kennarar.

7. febrúar 2017 Starfsmannafundur kynning á Vináttuverkefni á vegum Barnaheilla, tveir starfsmenn sem fóru á námskeið í janúar sáu um kynninguna.

22. febrúar 2017 var fyrirhugað að vera með kynningar á áætlunum sem Stekkjarás er með en það gekk ekki eftir því bæjarstjórinn, fræðslustjórinn og þróunarfulltrúi leikskóla komu í heimsókn og funduðu með starfsmönnum. Þannig vannst ekki eins mikil tími til að fara yfir allar áætlanir og ferla. Þær eru þó flestir komir á heimasíðu skólans og eru þar aðgengilegir fyrir starfsfólk sem og aðra sem heimasíðuna heimsækja. Reglur, ferlar og áætlanir voru kynntar síðar.

14. - 16. mars 2017 fóru tveir á námskeið hjá Greiningarstöðinni í „Skipulögðum vinnubrögðum“

22. og 23. mars 2017 fóru þrjú starfsmenn á námskeið í myndræna boðskiptakerfinu PECS

29. maí 2017 á skipulagsdegi var námskeiðið „Hvatning og viðhorf“ og flutti Ásgeir Jónsson fyrirlestur um efnið.

Í júní 2017 fór einn starfsmaður til Bretlands til þess að taka þátt í ráðstefnu um útinám og halda fyrirlestur sem byggir á reynslu starfsmannsins af útinámi hér í skólanum. Starfsmaðurinn sótti sér margvíslegan fróðleik varðandi útinám og heimsótti nokkra útinámsskóla.

Starfsmenn voru hvattir til og þeim veitt svigrúm eins og hægt var til að sækja námskeið á vegum skólaskrifstofu og á önnur námskeið sem þeim bauðst eða vildu fjármagna með styrkjum sinna stéttarfélaga. Staðreyndin var þó sú þetta árið að starfsfólk Stekkjarás nýtti sér ekki þau námskeið sem buðust á vegum skólaskrifstofu. Fóru þar saman nokkrir þættir, námskeiðin þóttu ekki nægjanlega áhugaverð, tímasetningar hentuðu ekki og eins var mikið um veikindi í byrjun árs.

Fyrirhugað var að endurvekja fræðandi föstudaga í einhverri mynd og gefa þar starfsmönnum tækifæri til að koma með örfraðslu, miðla og læra. Þetta gekk ekki eftir. Framkvæmd og skipulag var þó rætt og haldið verður áfram að vinna að þessu næsta skólaár.

Á vorönn fór leikskólastjóri á námskeið (nokkur skipti) í markþjálfun ásamt öðrum leikskólastjórum hjá Hafnarfjarðarbæ sem hélt námskeiðið.

Önnur símenntun

Tveir kennarar eru í framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður er í grunnnámi í leikskólakennarafræðum.

Tveir starfsmenn eru á fyrsta ári í grunnnámi í þroskaþjálfunarfræðum.

Einn starfsmaður er á öðru ári í grunnnámi í þroskaþjálfunarfræðum.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

27. september 2017

- Eldvarnarnámskeið.
- Fræðsla og umræða um útisvæðið. Færa umræðuna frá skipulagi og svæðaskiptingu yfir í að ræða námstækifæri og notkun á svæðinu. Einnig umræða um útisvæðið út frá togstreitu milli áhættu og námstækifæra, hvernig klæðnaður og búnaður starfsmanna sé best til þess fallinn til að ýta undir virkni o.s.frv.
- Fyrirlestur um samvinnu og samstarf í leikskólum. Utanaðkomandi aðili.

Nýliðanámskeið verða haldin í október með eftirfarandi skipulagi (Umsjón heimamenn, ábyrgð

leikskólastjóri):

- Skapandi starf í Stekkjarási – Verkefnisstjóri í skapandi starfi.
- Stuðningskennsla – Sérkennslustjóri.
- Starfsmannahandbókin – Aðstoðarleikskólastjóri.
- Viðverustefnan, vinnustund og ýmislegt hagnýtt – Leikskólastjóri.
- Skólanámskráin – Aðstoðarleikskólastjóri.

3. október 2017. Starfsmannafundur. Námskeið fyrir alla starfsmenn um hvernig við mætum börnum með erfiða hegðun.

Í október 2017 fara leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri á námskeið sem fjallar um hvernig skal taka atvinnuviðtöl.

20. nóvember 2017, Skipulagsdagur – Heimsóknir á aðra leikskóla ½ dag, ½ dagur fer í námskeið í starfsaðferðum Reggio Emilia – utanaðkomandi aðili sér um fræðslu.

3. janúar 2018 - Slysavarna- og skyndihjálparnámskeið sniðið að leikskólanum.

23. febrúar 2018 – Námskeið – Hvernig sinnum við tvítýngdum nemendum.

28. maí 2018 – Hópeflisnámskeið.

Auk þessa verða starfsmenn hvattir til og þeim veitt svigrúm eins og hægt er, að sækja námskeið á vegum skólaskrifstofu og á önnur námskeið sem þeim býðst eða vilja fjármagna með styrkjum sinna stéttarféлага.

Fyrirhugað er að reyna til þrautar að endurvekja fræðandi föstudaga í einhverri mynd en þar gefst starfsmönnum tækifæri til að vera með örfræðslu, miðla og læra.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí 2017

- Fjöldi barna í leikskólanum: 168.
- Kynjahlutfall: 94 drengir og 74 stúlkur.
- Dvalarstundir: 1405
- Deildargildi: 10,54
- Fjöldi barna sem fengu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2 flokki: 8
- Fjöldi barna sem fengu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 13
- Fjöldi barna með ofnæmi: 1
- Fjöldi barna með fæðuóþol: 6
- Fjöldi tungumála: 11 (Portúgalska, rússneska, þýska, pólska, sýrlenska, danska, litháíska, albanska, spænska, slóvak og enska).
- Þjóðerni forsjáraðila: 9 Pólland, 2 Spánn, 1 Mexiko, 1 Rússland, 1 Portúgal, 2 Litháen, 1 Lettland, 1 Þýskaland, 1 Filippseyjar, 1 Danmörk, 1 Sýrland og 1 Albanía.

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Þrír til fjórir fulltrúar foreldra skipa foreldraráð leikskólans Stekkjaráss og fleiri allt að sjö ef foreldrar gefa kost á sér. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrar barna á Stekkjarási geta leitað beint til foreldraráðsins ef málefni eru þess eðlis að foreldrar vilja ekki leita til leikskólans beint. Foreldraráðið metur hvert tilfelli fyrir sig og ákveður, á fundi, framhald málsins, hvort það sé tilkynnt leikskólastjóra Stekkjaráss eða hvort nauðsyn þykir að hafa samband við skólayfirvöld í Hafnarfirði. Foreldraráð starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltúar ráðsins telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við leikskólastjóra

Foreldrafundir: Haldnir eru foreldrafundir fyrir alla nýja foreldra rétt fyrir miðjan ágúst ár hvert. Þar fá nýir foreldrar tækifæri á að kynnast leikskólanum og áherslum hans.

Í október eru foreldrafundir þar sem starfið er kynnt og farið er yfir hagnýt atriði. Fundirnir fara fram milli kl. 15 og 16.

Foreldraviðtöl: Foreldrum standa til boða tvö viðtöl á ári. Eitt á hasutönn og annað á vorönn. Reynt er að fá alla foreldra í viðtal á vorönninni þ.e. gengið er á eftir þeim að koma í viðtal en haustviðtölin eru meira í boði fyrir þá sem skrá sig og mæta án hvatningar. Í viðtölum á haustönn er rætt um væntingar foreldra, hugsanlegar vangaveltur um stöðu barnsins og starf komnandi starfsárs en á vorönn er farið ýtarlega yfir stöðu hvers barns. Auk þessa geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali þess á milli.

Foreldrafélag: Foreldrafélag er við leikskólann. Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi foreldrafélags leikskólans í september ár hver. Í stjórn sitja að meðaltali einn fulltrúi frá hverri deild og fleiri frá deildum ef fólk gefur kost á sér. Foreldrafélagið bætir við starf leikskólans með margvíslegum stuðningi m.a. heldur jólaball, býður í sveitaferð, heldur sumarhátíð auk þess sem það styrkir útskrifarferð elstu barnanna, kaupir inn tónleika á öskudaginn og jólaleikrit í desember svo eitthvað sé nefnt.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn Stekkjarás er í samstarfi við tvo grunnskóla, bæði Áslandsskóla og Hraunvallaskóla þar sem frá því að leikskólinn opnaði hefur svipaður fjöldi nemenda verið að fara í þessa tvo grunnskóla á hverju ári. Um er að ræða 15 til 20 nemendur í hvorn skóla.

Dagskráin er mjög svipuð í báðum skólum og er einnig svipuð frá ári til árs. Í október fara nemendur í heimsókn í grunnskólana þar sem starfsmaður tekur á mótí börnunum og sýnir þeim vistaverur skólans t.d. skólastofur, bókasafn og matsal. Í apríl fara börnin í lengri heimsóknir. Dvelja í tvo til þrjá klukkutíma og taka þátt í skólastund, frímínútum og borða nesti.

Við leitum einnig eftir samvinnu við þá grunnskóla sem taka við einum og einum nemenda frá okkur og undantekninga laust er það auðsótt. Í þeim tilfellum fá viðkomandi nemendur að koma í stutta heimsókn með félögum sínum til að skoða lóðina umhverfis grunnskólann og stundum húsakynni.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar næsta skólaárs eru 5 og koma þeir fram á skóladagatali leikskólans. Þeir eru allir sameiginlegir öðrum leik- og grunnskólum í Hafnarfirði og eru eftirfarandi:

27. september og 20. nóvember 2017, 3. janúar, 23. febrúar og 28. maí 2018

5.5 Áætlanir


Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við:
 - slysum
 - áföllum
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)

Fylgirit - yfirlit

- Matsgögn – Sjálfsmatsskýrsla, skólaárið 2016-2017 endurmetið.
- Leikskóladagatal - Skóladagatal fyrir skólaárið 2017-2018.
- Umsögn foreldraráðs - Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun fyrir skólaárið 2017-2018.

Hafnarfirði, 23. júní, 2017.


Leikskólastjóri